

Nd.

289. Frumvarp

til laga um gjaldeyrisnefnd.

Flntningsmenn: Klemens Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Halldór Stefánsson
og Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal gera þær ráðstafanir til að tryggja fjárhag og viðskifti landsins, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal skipa 5 manna gjaldeyrisnefnd, er hefir ráðstöfunarrjett á andvirði þeirra vara, er í 3. gr. getur, og er útflytjendnm skylt að hlíta þar nm ákvörðunnm hennar.

Nefndin skal skipnð þannig: Einn maður eftir tillögum hvors banka, einn eftir tillögum verslunarráðs Íslands, einn eftir tillögum Sambands Íslenskra samvinnufjelaga og oddamaðurinn, er ríkisstjórnin skipar.

3. gr.

Skylt er öllum, er flytja úr landi og selja íslenskar afurðir, hverju nafni sem nefnast, að láta gjaldeyrisnefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn vörunnar og söluverð og aðrar þær upplýsingar viðvíkjandi sölunni, er nefndin kann að óska.

4. gr.

Allar yfirfærslur banka, firma og einstaklinga skulu gerðar með ráði og samþykki nefndarinnar.

Nefndin skal láta sitja í fyrirrúmi greiðslur fyrir óumflýjanlegar lífsnauðsynjar og afborganir og vexti af skuldum erlendis.

5. gr.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um framkvæmd laga þessara, og má þar tiltaka sektir fyrir brot á þeim eða reglugerð, 1000 til 50000 krónur. Um meðferð mála út af þeim brotum fer sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Hið óstöðnga og lága gengi íslenskrar krónu hefir viðtækar og skaðlegar afleiðingar fyrir fjárhag einstaklinga þjóðarinnar og þjóðarheildarinnar og yfir höfuð alt viðskiftallf, bæði innanlands og við útlönd. Þegar gengið er lágt og á sífeldu reiki eru viðskifti öll óviss og áhættusöm. Lággengið má því heita þegar orðið þjóðarbyrði, og verður því þyngra sem lággengið vex. Það er þess vegna afarþýðingarmikið, að alt sje gert, sem hægt er, til að stöðva, festa og hækka smátt og smátt gengi peninga vorra. Ank alls hugsanlegs sparnaðar í landinu og ankinnar framleiðslu eftir ýtrnstu föngum, er hagkvæm meðferð á andvirði þeirra afurða landsins, sem út ern fluttar, þannig að heildarhagsmunir þjóðarinnar sjeu ætíð látnar sitja fyrir hagsmnum fárra einstaklinga í meðferð gjaldeyrisins, eitt-hvert óflngasta ráðið. En til þess að því verði náð, verður meðferð gjaldeyrisins að vera undir opinberu eftirliti.

Vjer flutningsmenn þessa frv. erum sannfærðir um það, að verði farið í þessu efni eitthvað nálægt því, sem vjer leggjum hjer til, þá muni meðferð gjaldeyrisins erlendis verða miklu hagkvæmari fyrir heildarhaginn en ef meðferð hans verður látin afskiftalaus og eftirlitslaus eins og hingað til hefir verið gert.

Nauðsyn þjóðarinnar krefst þess, að alt verði gert, sem hægt er, til að stöðva og festa gengið, og það er þingið eitt, sem hefir á sínu valdi að gera þær ráðstafanir, sem að haldi geta komið, og eitt af því er að eftirlit verði sett með meðferð á gjaldeyri vorum erlendis.